



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu málfings um
Tómas Guðmundsson
Borg í Grímsnesi,
27. júní 2009**

Góðir gestir

Það er ánægjuefni að koma hingað og taka þátt í samkomu til minningar um hið ástsæla skáld Tómas Guðmundsson. Hann hefur í hugum landsmanna verið öðru fremur borgarskáld og Reykvíkingur; í fyrstu ljóðum sínum undir áhrifum frá síðrómantík, orti með ljóðrænum blæ um æsku og unað.

Í ljóðabókinni Við sundin blá ræðir Tómas um rósir og ilmandi vín, vor og æsku, en líka dauðans höll. Strax þá kom fram sá leikandi tónn sem einkennir höfundarverkið og á vafalaust stóran þátt í miklum vinsældum hans. Með Fögru veröld festi Tómas sig svo í sessi sem Reykjavíkurskáld og um leið þjóðskáld enda varð hún metsölubók; seldist upp á örfáum dögum.

Tómas opnaði augu Reykvíkinga og reyndar líka annarra Íslendinga fyrir borginni litlu, þeirri fegurð og iðandi mannlífi sem þar var að finna. Hann orti um kolakranann, höfnina og húsin í bænum. Fáguð kímnin var hans aðalsmerki og birtist í þekktum ljóðum á borð við Hvað er í pöknum?, Kvæðinu um pennann og Fjallgöngu.

Ljóð Tómasar hafa verið talin ein af vörðunum á leið íslenskra bókmennta frá gamalli formfestu til módernisma, jafnvel þótt hann hafi að mestu leyti haldið sig við hefðbundnar bragreglur.

Meðal þess sem er eftirtektarvert í kveðskapnum er hin alþjóðlega sýn. Hann yrkir um hallirnar í Kína, um japanska morgna, að ógleymsdu ljóðinu um unga konu frá Súdan sem endar á þessum alkunnu orðum: „Samt dáðist ég enn meir að hinu, / hve hjörtum manna svipar saman / í Súdan og Grímsnesinu.“

Þótt ég hafi einkum nefnt æskuljóð Tómasar skrifaði hann margt annað, bæði í bundnu máli og óbundnu. Hann kom líka að útgáfu bókmennta og veitti ungskáldum hollráð. Gaman er að hafa eitt þeirra, Matthías Johannessen, nú aldinn höfðingja og þjóðskáld með okkur í dag en Matthías þakkaði fyrir sig á sínum tíma með þessum orðum: „Það er háskóli í ljóðlist að tala við Tómas.“ Matthías naut þeirra forréttinda að upplifa með Tómasi Austurstrætið og húsin í bænum, og gaf út viðtalsbók um skáldið.

Meðal annarra vina Tómasar var Kristján Karlsson bókmenntafræðingur sem einnig miðlaði okkur af innsýn sinni í skáldskap hans. Kristján segir meðal annars: „Fullyrða má, að enginn listamaður hefir átt jafn ríkan þátt í að móta hugmyndir landsmanna um Reykjavík sem nútímaborg með stórborgalífi langt umfram stærð sína né vekja skyn þeirra á fegurð hennar.“ Og hann bætir við að Tómas hafi ort bæði fagnandi lofsöngva og ástúðlega gagnrýni um borgina.

Tómas Guðmundsson átti þátt í því ásamt skáldbróður sínum og æskuvini Halldóri Laxness að færa Ísland og íslenskar bókmenntir inn í samhengi heimsbókmenntanna. En hann var ekki aðeins borgarskáld, heldur líka skáldið úr Grímsnesinu. Ræturnar í heimahögum voru sterkar, rétt eins og rætur fleiri skálda þessarar kynslóðar, til dæmis Ólafs Jóhanns Sigurðssonar sem var nokkru yngri en varði bernskuárum sínum á líkum slóðum.

Það er því afar vel til fundið hjá Hollvinum Grímsness og öðrum sem standa að þessari dagskrá að ákveða að halda nafni Tómasar á lofti og minna okkur á hvaðan hann kom, á bakgrunn hans og æskuslóðir á Suðurlandi. Sú Reykjavík sem Tómas orti um, uppgötvaði og færði Íslendingum var undir verulegum áhrifum af mótunarárunum í Grímsnesinu.

Það er ánægjulegt að skáldum hefur á undanförunum árum verið gert hátt undir höfði víða um land. Minning Gunnars Gunnarsson var eflað með margvíslegri starfsemi á Skriðuklaustri og Þórbergur Þórðarson hefur verið heiðraður sérstaklega í Suðursveit. Í Borgarnesi hefur Egill Skallagrímsson orðið undirstaða leiksýninga, safns, verslunar og veitingahúss og þannig orðið til að efla bæði menningu og atvinnulíf bæjarins.

Það er von mín að í framhaldi af þessu málþingi, sýningunni og framtaki ykkar vinni byggðarlagið áfram markvisst að því að tengja minningu Tómasar við heimahaga. Óskandi væri að þjóðin ætti þess kost á komandi árum að ganga á vit Tómasar og verka hans hér í Grímsnesinu ekki síður en í Austurstræti.

Að svo mæltu þakka ég ykkur fyrir gott boð og segi málþing um Tómas Guðmundsson frá Efri-Brú sett.